

REGLUGERÐ

**um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit
sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 11. nóvember 2010 öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2008/896/EB frá 20. nóvember 2008 um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB.

2. gr.

Ofangreind ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, lög nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008 um fiskeldi, lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

4. gr.

Um þvingunarræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir, laga nr. 71/2008 um fiskeldi, laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og laga nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. mars 2013.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRDUN**

framkvæmdastjórnarinnar frá 20. nóvember 2008 um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB

(tilkynnt með númeri C(2008) 6787)

(Texti sem varðar EES)

(2008/896/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem beita skal ef tilteknir sjúkdómar koma upp í lagardýrum eða ef grunur leikur á um slíkt. Þar að auki eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun tilteknir framandi sjúkdómar og sjúkdómar sem eru ekki framandi.

2) Í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin eigi að sjá til þess að fylgt sé áætlun um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit á öllum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum, eins og við á eftir tegund framleiðslu. Í slíkum áætlunum skal tekið tillit til viðmiðunarreglna sem semja skal í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

3) Samkvæmt tilskipun 2006/88/EB er markmið áætlunarinnar um dýraheilbrigðiseftirlit að greina alla aukningu á afföllum á öllum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum, eins og við á eftir tegund framleiðslu, ásamt því að greina sjúkdómama, sem eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við tilskipunina, í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum með tegundum sem eru næmar fyrir þessum sjúkdómum.

Samkvæmt B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB miða skoðanir, sem framkvæmdar eru sem liður í slíkum áætlunum, enn fremur að því að veita rekstraraðilum lagareldisfyrirtækja ráðgjöf um málefni sem tengjast heilbrigðismálum lagardýra og, ef þörf er á, að annast nauðsynlegar ráðstafanir á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða.

4) Þar eð lagareldisiðnaðurinn í Bandalaginu er mjög fjölbreyttur þarf að aðlaga áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit að skipulagi iðnaðarins og að ástandi dýraheilbrigðis í hverju aðildarríki. Viðmiðunarreglur, sem aðildarríkin skulu taka tillit til að því er varðar slíkar áætlanir, skulu því takmarkaðar við það að veita almennar leiðbeiningar.

5) Því er rétt að mæla fyrir um viðmiðunarreglur sem taka skal tillit til að því er varðar áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit í þessari ákvörðun.

6) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunarreglurnar sem taka skal tillit til að því er varðar áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassiliou

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARREGLUR SEM TAKA SKAL TILLIT TIL AÐ ÞVÍ ER VARDAR ÁÆTLANIR UM ÁHÆTTUMIÐAÐ DÝRAHEILBRIGÐISEFTIRLIT SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 1. MGR. 10. GR. TILSKIPUNAR 2006/88/EB

1. Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum

Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að veita aðildarríkjunum leiðbeiningar varðandi áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2006/88/EB, (hér á eftir nefnt „áætlanir um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit“).

2. Efni skoðana

2.1. ATHUGUN Á SKRÁM OG KLÍNÍSKAR RANNSÓKNIR

Hver skoðun á eldisstöð eða lindýraeldissvæði skal innihalda greiningu á skránum sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 2006/88/EB, þar sem sérstaklega er hugað að skránum yfir afföll, til að gera það kleift að meta hvernig heilbrigðisástandið hefur þróast á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

Skoða skal dæmigert úrval úr öllum faraldsfræðilegum einingum.

Ef hægt er skal framkvæma klíniska rannsókn á dæmigerðu úrvali af nýlega dauðum og dauðvona lagareldisdýrum með tilliti til umtalsverðra sjúklegra breytinga, bæði innvortis og útvortis. Rannsóknin skal einkum miða að því að greina hvers kyns sýkingar af völdum sjúkdóms sem skráður er í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB (hér á eftir nefndur „skráður sjúkdómur“).

Leiði niðurstaða rannsóknarinnar til gruns um að slíkur sjúkdómur sé fyrir hendi skulu lagareldisdýrin í eldisstöðinni eða á lindýraeldissvæðinu rannsökuð á rannsóknarstofu.

Í V. kafla tilskipunar 2006/88/EB er mælt fyrir um ítarlegar reglur um aðgerðir sem grípa skal til ef grunur leikur á um og/eða staðfest er að skráður sjúkdómur hafi komið upp.

2.2. SÝNATAKA OG RANNSÓKNIR Á RANNSÓKNARSTOFUM

Ekki er alltaf nauðsynlegt að taka sýni fyrir rannsóknir á rannsóknarstofu. Þegar metið er hvort sýnataka sé nauðsynleg skal taka tillit til upplýsinganna sem fást við athugun á skrár eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins og við skoðun á lagareldisdýrunum svo og annarra upplýsinga sem skipta máli.

3. Framkvæmd skoðana: valið á milli lögbæra yfirvaldsins, sjálfstætt starfandi dýralækna eða viðurkennds þjónustuaðila á sviði heilbrigðiseftirlits með lagardýrum

Aðildarríki skulu ákveða hvort lögbæra yfirvaldið framkvæmi skoðanirnar, sem eru hluti af áætlunum um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, eða hvort sjálfstætt starfandi dýralæknar eða aðrir viðurkenndir þjónustuaðilar á sviði heilbrigðiseftirlits með lagardýrum fái einnig leyfi til að framkvæma þær.

4. Tíðni skoðana

Í B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er sett fram ráðlögð tíðni skoðana í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum. Þessi tíðni ákvarðast af tveimur þáttum:

- heilbrigðisástandi viðkomandi aðildarríkis, svæðis eða hólfis í tengslum við sjúkdóma sem eru ekki framandi og eru skráðir í II. hluta IV. viðauka við fyrnefnda tilskipun (hér á eftir nefndir „skráðir sjúkdómar sem eru ekki framandi“)
- áhættustigi eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins í tengslum við að sjúkdómar komi þar upp og útbreiðslu þeirra.

5. Heilbrigðisástand eldisstöðva og lindýraeldissvæða

Í B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er greint á milli eftirfarandi flokka fyrir heilbrigðisástand:

I. flokkur

a) Lýst sjúkdómslaust í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða a- eða b-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB. Slík staða byggist á eftirfarandi:

- engin þeirra tegunda, sem eru næmar fyrir umræddum sjúkdómi eða sjúkdómum, finnst í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum aðildarríkisins, á svæðinu eða í hólfinu, eða
- vitað er að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, ef við á, í vatnslindum aðildarríkisins, á svæðinu eða í hólfinu.

b) Lýst sjúkdómslaust í samræmi við c-lið 1. mgr. 49. gr. eða c-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB. Staðan byggist á markvissu eftirliti sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. hluta V. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

II. flokkur Ekki lýst sjúkdómslaust en fellur undir eftirlitsáætlun sem er samþykkt í samræmi við 1. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

III. flokkur Ekki sýkt svo að vitað sé en fellur ekki undir eftirlitsáætlun til að ná þeirri stöðu að teljast laust við sjúkdóma.

IV. flokkur Sýkt með vissu en fellur undir útrýmingaráætlun sem er samþykkt í samræmi við 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB.

V. flokkur Sýkt með vissu. Fellur undir lágmarksvarnaráætlun sem kveðið er á um í V. kafla tilskipunar 2006/88/EB.

Eftir því sem við á má framkvæma skoðanir, sem eru innan ramma áhættumiðaða dýraheilbrigðiseftirlitsins, samtímis:

a) skoðunum sem framkvæmdar eru innan ramma eftirlits- eða útrýmingaráætlana sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 2006/88/EB (fyrir svæði eða hólf sem falla undir II. eða IV. flokk),

b) hvers kyns eftirliti sem fer fram til að halda sjúkdómslausri stöðu (fyrir svæði eða hólfi sem falla undir I. flokk – lýst sjúkdómslaust í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. 49. gr. eða a- eða b-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2006/88/EB),

c) hvers kyns eftirliti sem fer fram sem hluti af varnarráðstöfunum samkvæmt V. kafla tilskipunar 2006/88/EB (fyrir svæði eða hólfi sem falla undir V. flokk).

Við samningu áætlana um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit skulu aðildarríkin hafa hliðsjón af eftirfarandi:

a) að því er varðar eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði, sem staðsett eru á svæðum þar sem heilbrigðisástand fellur undir II. og IV. flokk, er tíðni skoðana sem krafist er samkvæmt eftirlits- eða útrýmingaráætlunum, sem samþykktar eru í samræmi við tilskipun 2006/88/EB, hærrí en tíðnin sem ráðlögð er í B-hluta III. viðauka við sömu tilskipun; aðildarríkin þurfa því ekki að mæla fyrir um sértekur kröfur varðandi tíðni skoðana fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem staðsett eru á svæðum sem falla undir slíkar áætlanir,

b) þörf fyrir að aðildarríki mæli fyrir um sértekur kröfur varðandi tíðni skoðana, sem framkvæmdar eru innan ramma áætlunar um áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit, er aðallega til staðar að því er varðar eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði sem staðsett eru á svæðum þar sem heilbrigðisástand fellur undir I., III. og V. flokk, háð tilteknum aðstæðum og landsráðstöfunum,

c) athuga skal sérstaklega að eldisstöð eða lindýraeldissvæði geta verið með mismunandi heilbrigðisástand í tengslum við mismunandi sjúkdóma; þetta getur átt við um eldisstöðvar og lindýraeldissvæði þar sem eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir fleiri en einum skráðum sjúkdómi sem er ekki framandi ⁽¹⁾.

6. Ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði

6.1. INNGANGUR

Áhættustigið fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði er ekki aðeins breytilegt á milli svæða með mismunandi heilbrigðisástand heldur einnig innan svæða með sama heilbrigðisástand ⁽²⁾.

Í lið 6.2 eru leiðbeiningar um áhættuþættina sem ber að taka tillit til við ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði.

Í lið 6.3 er sett fram líkan sem nota má við flokkun eldisstöðva og lindýraeldissvæða með hátt, meðalhátt og lágt áhættustig. Aðildarríkjunum er heimilt að nota önnur líkön til að ákvarða áhættustig fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði ef slík líkön teljast henta betur við tilteknar aðstæður.

Þessar leiðbeiningar veita ekki upplýsingar varðandi það hvernig aðildarríkin skulu nota líkanið sem sett er fram í lið 6.3. Aðildarríkjunum er heimilt að:

- nota líkanið á hverri eldisstöð og hverju lindýraeldissvæði fyrir sig til að ákvarða áhættustig fyrir hverja stöð eða hvert svæði, eða
- nota líkanið til að flokka mismunandi gerðir eldisstöðva og lindýraeldissvæða á yfirráðasvæði sínu og á þeim grundvelli skilgreina hvaða flokkar eldisstöðva og lindýraeldissvæða skulu teljast með lágt, meðalhátt eða hátt áhættustig.

6.2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Ýmsir þættir skipta máli við ákvörðun á áhættustigi fyrir eldisstöð eða lindýraeldissvæði. Þessir þættir geta falið í sér m.a. eftirfarandi:

- beina útbreiðslu sjúkdóms með vatni,
- flutning á lagareldisdýrum,
- tegund framleiðslu,
- tegundir haldinna lagareldisdýra,
- líföryggiskerfi, þ.m.t. hæfni og þjálfun starfsfólks,
- þéttleika eldisstöðva, lindýraeldissvæða og vinnlustöðva á svæðinu í kringum viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,
- nálægð eldisstöðva og lindýraeldissvæða með lakara heilbrigðisástand við viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,
- hvernig heilbrigðisástand hefur þróast á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði og öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum sem staðsett eru á svæðinu,

⁽¹⁾ Eldisstöð með regnbogasilung getur t.d. verið laus við blóðþorra (I. flokkur), verið í II. flokki (sem fellur undir viðurkennda eftirlitsáætlun) varðandi veirublæði og staðan að því er varðar iðradrep (III. flokkur) getur verið óþekkt.

⁽²⁾ Til dæmis veldur eldisstöð, sem hefur verið lýst laus við skráða sjúkdóma sem eru ekki framandi, almennt lítilli áhættu á útbreiðslu slíks sjúkdóms. Þó veldur eldisstöð sem framleiðir eigið ungvíði mun minni áhættu en eldisstöð sem kaupir allt ungvíði af einum eða fleiri mismunandi birgjum.

- i) tilvist sjúkdómsvalda í villtum lagardýrum á svæðinu í kringum viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,
- j) áhættu sem stafar af starfsemi manna í nálægð viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis ⁽¹⁾,
- k) rándýr eða fugla með aðgang að viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði.

Notkun á flóknu kerfi til að meta áhættustig fyrir eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, að teknu tilliti til allra viðeigandi áhættuþátta, getur gefið nákvæma flokkun á eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum samkvæmt áhættustigi þeirra. Slíkt kerfi getur þó einnig verið tímafrekt og óhagkvæmt. Þar að auki er það flókin aðgerð að meta vægi mismunandi þátta til að hægt sé að meta heildaráhættuna.

Í ljósi erfiðleikanna sem fylgja því að nota flókið kerfi til flokkunar á eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum eftir áhættustigi er í flestum tilvikum viðeigandi að leggja áherslu á eftirfarandi áhættuþætti:

- a) beina útbreiðsla sjúkdóms með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna,
- b) flutning á lagareldisdyrum.

Þessir tveir áhættuþættir skipta máli án tillits til tegundar framleiðslu, tegunda lagareldisdyra sem haldin eru á eldisstöð eða lindýraeldissvæði og viðkomandi sjúkdóma.

6.3. LÍKAN TIL AÐ ÁKVARÐA ÁHÆTTUSTIG FYRIR ELDISSTÖÐVAR OG LINDÝRAELDISSVÆÐI

Þetta líkan til að ákvarða áhættustig (hátt/meðalhátt/lágt) fyrir eldisstöðvar eða lindýraeldissvæði samanstendur af þremur þrepum:

I. þrep: Áætlaðar líkur á að sjúkdómur komi upp á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

II. þrep: Áætlaðar líkur á að sjúkdómur breiðist út frá eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu.

III. þrep: Sameinað mat á áhættustigi sem leiðir af I. og II. þrepi.

I. þrep

Áætlaðar líkur á að sjúkdómur komi upp á eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu

Líkur á að sjúkdómur komi upp með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðva og lindýraeldissvæða	Líkur á að sjúkdómur komi upp vegna flutnings á lagareldisdyrum	Áhættustig
Miklar	Miklar	Hátt
Miklar	Litlar	Meðalhátt
Litlar	Miklar	Meðalhátt
Litlar	Litlar	Lágt

⁽¹⁾ Til dæmis flutningaleiðir, hafnir (kjölfestuvatn), stangveiði.

II. þrep

Áætlaðar líkur á að sjúkdómur breiðist út frá eldisstöðinni eða lindýraeldissvæðinu

Líkur á að sjúkdómur breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna	Líkur á að sjúkdómur breiðist út með flutningi á lagareldisdýrum	Áhættustig
Miklar	Miklar	Hátt
Miklar	Litlar	Meðalhátt
Litlar	Miklar	Meðalhátt
Litlar	Litlar	Lágt

III. þrep

Sameinað mat á áhættustigi sem leiðir af I. og II. þrepi

I. þrep Líkur á að sjúkdómur komi upp	Miklar	M	H	H
	Í meðallagi	L	L	M
	Litlar	L	L	M
		Litlar	Í meðallagi	Miklar
		II. þrep Líkur á að sjúkdómur breiðist út		

6.4. ÁHÆTTUSTIG FYRIR TILTEKNAR ELDISSTÖÐVAR OG LINDÝRAELDISSVÆÐI SEM FALLA UNDIR HEILBRIGÐIS-ÁSTAND Í I. FLOKKI

Líta má svo á að allar eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem halda ekki tegundir sem smitnæmar eru fyrir skráðum sjúkdómum sem eru ekki framandi, eða þar sem að vitað er að sjúkdómsvaldurinn getur ekki lifað í aðildarríkinu, á svæðinu eða í hólfinu eða, þar sem við á, í vatnslindum þess, séu með lágt áhættustig samkvæmt B-hluta III. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Því er að jafnaði ekki nauðsynlegt að áætlunin um áhættumiðaða dýraheilbrigðisfirlitið feli í sér mismunandi tíðni skoðana.

Eldisstöðvarnar og lindýraeldissvæðin geta þó verið með mismunandi áhættustig að því er varðar uppkomu og útbreiðslu sjúkdóma sem ekki eru framandi eða nýtilkominna sjúkdóma. Aðildarríkjunum er því heimilt að flokka eldisstöðvarnar og lindýraeldissvæðin eftir áhættustigi þeirra og gera þannig greinarmun á þeim að því er varðar eftirlit og skoðun. Þannig geta aðildarríkin einnig tekið tillit til nauðsynjar þess að hámarka nýtingu auðlindanna.

6.5. ÁÆTLAÐAR LÍKUR Á AÐ SJÚKDÓMUR KOMI UPP OG BREIÐIST ÚT MEÐ VATNI VEGNA LANDFRÆÐILEGRAR NÁLÆGÐAR ELDISSTÖÐVA OG LINDÝRAELDISSVÆÐA

6.5.1. Inngangur

Lítill hættu er á því að sjúkdómur komi upp eða breiðist út í eldisstöðvum og á lindýraeldissvæðum ef unnt er að líta svo á að vatnslindirnar og vatnsfrárásin eða vatnsumhverfið, þar sem eldisstöðin eða lindýraeldissvæðið eru staðsett, veiti tiltekna vernd gegn því að sjúkdómsvaldar komi upp og breiðist út. Hættan á því að sjúkdómur komi upp innan eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis og breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna er afar breytileg⁽¹⁾.

Í líkaninu sem sett er fram í lið 6.3 er aðeins gerður greinarmunur á miklum og litlum líkum á því að sjúkdómur breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna.

Í þessum lið eru sýnd dæmi um aðstæður þar sem líta má svo á að líkurnar á að sjúkdómurinn komi upp eða breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðva og lindýraeldissvæða teljist litlar.

⁽¹⁾ Til dæmis er munur á því hvort um er að ræða lokað hringrásarkerfi með vatni úr borholu þar sem vatnsfrárásin er sótthreinsuð (mjög lítill hættu) eða eldisstöð með sjókví nálægt mörgum öðrum eldisstöðvum (mjög mikil hættu).

Skráin yfir dæmin, sem gefin eru upp í þessum lið, er ekki tæmandi. Því er ekki hægt að slá því föstu að eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, sem falla ekki undir þessi dæmi, skapi miklar líkur á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út.

6.5.2. Dæmi um staði þar sem lítil hætta er á að sjúkdómur komi upp með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna:

- a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn úr borholu eða uppsprettu,
- b) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn sem er sóttreinsað eða meðhöndlað á annan hátt til að koma í veg fyrir að sjúkdómsvaldar komi upp,
- c) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem fá vatn úr öðrum vatnslindum sem:
 - i. eru ekki tengdar eldisstöðvum eða lindýraeldissvæðum eða vinnslustöðvum, sem halda eða vinna tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði,
 - ii. innihalda ekki villt lagardýr af smitnæmum tegundum,
- d) lögðir með grunnvatni inni í landi, þ.m.t. tjarnir og vötn sem einangruð eru frá öðrum vatnslindum; við ákvörðun á því hvort lögð með grunnvatni telst einangruð skal taka tillit til árstíðabundinna breytinga s.s. möguleika á snertingu við aðrar vatnslindir við flóð,
- e) strandeldisstöðvar og -lindýraeldissvæði sem njóta verndar vegna öruggar fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum og vinnslustöðvum sem halda eða vinna tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði; það er undir lögbæra yfirvaldinu komið að ákvarða hvað skal teljast örugg fjarlægð að teknu tilliti til þátta eins og hæfni viðkomandi sjúkdómsvalda til að lifa í opnu vatni, vatnsstraumanna og hreyfinga sjávarfalla.

6.5.3. Dæmi um staði þar sem lítil hætta er á að sjúkdómur breiðist út með vatni vegna landfræðilegrar nálægðar eldisstöðvanna og lindýraeldissvæðanna:

- a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði með enga losun út í náttúruleg vatnsföll ⁽¹⁾,
- b) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði þar sem vatn, sem er losað, er sóttreinsað eða meðhöndlað á annan hátt til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvalda,
- c) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem losa vatnið í almenna fráveitu, að því tilskildu að úrræði séu til staðar til að meðhöndla frárennslisvatnið; ef frárennslisvatnið er losað út í náttúruleg vatnsföll skal þó ekki litið svo á að slíkar eldisstöðvar og lindýraeldissvæði skapi litla áhættu,
- d) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði með enga losun út í vötn með lagareldi eða villt lagardýr af tegundum sem smitnæmar eru fyrir viðkomandi skráðum sjúkdómi eða sjúkdómum,
- e) lögðir með grunnvatni inni í landi, þ.m.t. tjarnir og vötn sem einangruð eru frá öðrum vatnslindum; við ákvörðun á því hvort lögð með grunnvatni telst einangruð skal taka tillit til árstíðabundinna breytinga s.s. möguleika á hvers kyns snertingu við aðrar vatnslindir við flóð,
- f) strandeldisstöðvar og -lindýraeldissvæði sem njóta verndar vegna öruggar fjarlægðar frá öðrum eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum sem halda tegundir sem eru smitnæmar fyrir sama sjúkdómi og tegundirnar sem haldnar eru á viðkomandi eldisstöð eða lindýraeldissvæði; það er undir lögbæra yfirvaldinu komið að ákvarða hvað skal teljast örugg fjarlægð að teknu tilliti til þátta eins og hæfni viðkomandi sjúkdómsvalda til að lifa í opnu vatni, vatnsstraumanna og hreyfinga sjávarfalla.

⁽¹⁾ Til dæmis eldisstöðvar inni í landi sem veita fráveituvatni niður í jarðveginn eða á akrana.

6.6. ÁÆTLAÐAR LÍKUR Á AÐ SJÚKDÓMUR KOMI UPP OG BREIÐIST ÚT MEÐ FLUTNINGI Á LAGARELDISDÝRUM

6.6.1. Inngangur

Flutningar á lifandi lagareldisdýrum til og frá eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum eru afar mikilvægar orsakir fyrir útbreiðslu sjúkdóma.

Þegar sá þáttur er metinn skal leggja mat á eftirfarandi:

- a) upprunastað lagareldisdýranna,
- b) fjölda lagareldisdýra sem flutt eru að til eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæða,
- c) fjölda mismunandi birgja með lagareldisdýr,
- d) tíðni flutninga á lagareldisdýrum til og frá eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum.

Í líkaninu, sem sett er fram í lið 6.3, er aðeins mælt með því að eldisstöðvarnar séu hópaðar saman eftir því hvort þeim fylgi mikil eða lítil áhætta á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út með flutningum á lagareldisdýrum. Í samræmi við þetta líkan telst því nóg að taka aðeins tillit til þess hvort eldisstöðin eða lindýraeldissvæðið fær afhent eða afhendir lifandi lagareldisdýr (þ.m.t. egg), og hver upprunastaður dýranna er.

Í þessum lið eru sýnd dæmi um aðstæður þar sem líta má svo á að hættan á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út með flutningi á lagareldisdýrum teljist lítil.

Skráin yfir dæmin, sem gefin eru upp í þessum lið, er ekki tæmandi. Því er ekki hægt að slá því föstu að eldisstöðvar og lindýraeldissvæði, sem falla ekki undir þessi dæmi, skapi mikla hættu á að sjúkdómur komi upp eða breiðist út.

6.6.2. Dæmi um tilvik þar sem litlar líkur eru á að sjúkdómur komi upp í tengslum við að lagareldisdýr eru flutt að til eldisstöðva og lindýraeldissvæða:

- a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem framleiða nóg af eggjum eða ungvíði til eigin þarfa ⁽¹⁾,
- b) tilvik þar sem lagareldisdýrin eru eingöngu flutt að frá sjúkdómlausum svæðum eða hólfulum. Að því er varðar eldisstöðvar þar sem heilbrigðisástandið fellur undir III. og V. flokk eru engar kröfur um það samkvæmt gildandi löggjöf Bandalagsins að lagareldisdýr skulu flutt að frá sjúkdómlausum svæðum eða hólfulum og það að eldisstöð kjósi að fá sín dýr frá sjúkdómslausu svæði eða hólfi greinir hana frá öðrum eldisstöðvum í sama flokki. Eldisstöðvar með heilbrigðisástand í I. flokki skulu aðeins taka við dýrum frá sjúkdómslausum upprunastað. Að því er varðar þessar eldisstöðvar skal þess í stað gerð sú krafa að dýrin séu annað hvort flutt að frá sama sjúkdómslausa svæðinu eða að eldisstöðin hafi aðeins takmarkaðan fjölda birgja með lagareldisdýr,
- c) tilvik þar sem villt lagadýr, sem leyst eru úr sóttkví og ætluð til eldis, eru flutt að,
- d) tilvik þar sem sóthreinsuð egg eru flutt að; þetta á aðeins við ef vísindabekking eða fengin reynsla hefur sýnt að sóthreinsun dregur með skilvirkum hætti úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma niður á ásættanlegt stig að því er varðar skráðu sjúkdómum sem tegundirnar í eldisstöðvunum eða á lindýraeldissvæðinu eru smitnæmar fyrir.

6.6.3. Dæmi um tilvik þar sem litlar líkur eru á að sjúkdómurinn breiðist út í tengslum við að lagareldisdýr eru afhent eldisstöðvum og lindýraeldissvæðum:

- a) eldisstöðvar og lindýraeldissvæði sem afhenda ekki dýr til frekara eldis, umlagningar eða endurnýjunar stofna,
- b) fiskeldisstöðvar sem afhenda eingöngu sóthreinsuð egg; þetta á aðeins við ef vísindabekking eða fengin reynsla hefur sýnt að sóthreinsun dregur með skilvirkum hætti úr hættu á útbreiðslu sjúkdóma niður á ásættanlegt stig að því er varðar skráða framandi sjúkdóma eða sjúkdóma sem ekki eru framandi sem tegundirnar í eldisstöðinni eru smitnæmar fyrir.

⁽¹⁾ Þetta geti til dæmis átt við um fiskeldisstöðvar sem halda sína eigin undaneldisstofna og um lindýraeldisstöðvar og lindýraeldissvæði ef framleiðslan byggist á náttúrulegri nýliðun afkvæma.